

Sjálfstæði í daglegu lífi

Kristín Björnsdóttir, dósent í fötlunarfræðum
Fræðsla fyrir starfsfólk sveitarfélaga

Af hverju sjálfstæði?

- Samningur SP viðurkennir gildi þess fyrir fatlað fólk að vera sjálfrátt og sjálfstætt, meðal annars að hafa frelsi til að taka eigin ákvarðanir
- Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum
- Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu (gr. 19)

Hugmyndafræði um sjálfstætt líf

- Sjálfstætt líf (Independent living) er hugmyndafræði og hreyfing fatlaðs fólks sem á rætur sínar að rekja til mannréttindabaráttu fatlaðs fólks á 8. áratug 20. aldar í Bandaríkjunum (Sjálfsbjörg)
- Hugmyndafræðin byggist á rétti fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi, hafa fulla stjórn á lífi sínu, taka eigin ákvarðanir og hafi rétt á því að búa í og taka þátt samfélaginu án aðgreiningar (NPA miðstöðin)
- Snýst um að viðurkenna að við getum lifað sjálfstæðu lífi þó við þurfum stuðning

Sjálfstætt líf og NPA

- Notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf
- Notendastýrð persónuleg aðstoð:
 - Notandinn stýrir aðstoðinni sinni sjálfur
 - Notandinn ræður til sín aðstoðarfólk
 - „Fatlað fólk stýrir því **hvernig** aðstoðin er skipulögð, **hvenær** hún fer fram, **hvar** hún fer fram og **hver** veitir hana.“ (NPA miðstöðin)

Viðhorf til sjálfræðis og sjálfstæðis

- Viðhorf starfsfólks getur hindrað eða aukið sjálfræði og sjálfstæði

„Maður á ekki að kvarta, maður á að vera þakklátur við starfsfólkið og allir eru góðir við mann núna. Eg læt þær bara stjórna, þær vita hvað er best fyrir mig. Ef ég er almennileg þá eru þær líka almennilegar við mig“.

- Notendasamráð
- Að vera viðstaddur teymisfundir
- Að fá að velja frístund
- Hvað á að vera í matinn og hvernig á að elda hann?

Skipulag

- Mjög algengt að skipulagið sé út frá heildinni en ekki einstaklingnum

„Það heitir alveg virðing, þetta er mitt heimili. Það á að hjálpa, ekki skipa bara fyrir og ekki ákveða alltátt fyrir mann. Eg get það. Ekki ljúga að mér og vilja vera yninir mínir. Það á líka að hlusta, ekki skipa og ég þarf að ákveða hvenær ég þrifa og taka til.“

- Hvenær fer ég á fætur eða að sofa
- Hvenær fer ég í sturtu og hver aðstoðar mig
- Hvað er í matinn
- Hvað ætlum við að gera um helgina
- Hver er á vakt
- Hvernig kemst ég á milli staða

Upplýsingar

- Til að geta tekið ákvarðanir þá þurfum við að hafa upplýsingar
- Stórar upplýsingar eins og hver er réttur minn
- Hversdagslegar upplýsingar eins og hvaða hjómsveitir spila á Airwaves eða hvenær er Kvannahlaupið

„Ég bjó fyrst á sambýli með fjórum öðrum. Starfsfólkið á skrifstofunni ákvað að ég skyldi búa þar og líka að flytja þar sem ég bý núna. Þau töluðu við mömmu, ekki mig en þetta var allt í lagi en samt betra þar sem ég er núna. Skrifstofan ákvað það líka en ég fór samt og skoðaði og leist vel á.“

Viðhorf hafa áhrif á vinnubrögð

- Mikilvægt að líta á aðstoðina sem við veitum sem réttindi en ekki einhverja þjónustu
- Mikilvægt að gera alltaf ráð fyrir að allir sem við eigum samskipti við skilji okkur
- Mikilvægt að tala ykkur yfir eða um fólk
- Mikilvægt að leggja sig fram við að skilja tungumál fólks
- Mikilvægt að bera virðingu fyrir skoðunum fólks
- Mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir að aðstoðin sem við veitum á sér stað í samskiptum – ef illa gengur þá þurfum við að líta í eigin barm
